

Fundargerð aðalfundar foreldrafélags Víkurskóla

haldinn 2. október 2024 í Víkurskóla

Mættir úr stjórn: Ásta Alda Árnadóttir formaður, Kolbrún Magga Matthíasdóttir gjaldkeri, Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir ritari, Harpa Elín Haraldsdóttir meðstjórnandi og Sólveig Sigríður Bragadóttir meðstjórnandi
Aðrir mættir :

Formaður setti fundinn kl. 18, Harpa Elín var fundarstjóri og Margrét Lilja ritaði fundargerð.

1. Skýrsla stjórnar

Ritari kynnti skýrslu stjórnar.

2. Ársreikningur

Gjaldkeri kynnti reikninga og þeir voru samþykktir

3. Kosning í stjórn.

Í stjórn eru Ásta Alda Árnadóttir, Kolbrún Magga Matthíasdóttir, Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir, Harpa Elín Haraldsdóttir og Sólveig Sigríður Gunnarsdóttir. Ingibjörg Jenný Lárusdóttir og Þorbjörg Kristjánsdóttir eru varamenn.

Stjórnin býður sig fram aftur. Engin mótframboð komu og var það samþykkt samhljóða að stjórnin héldi áfram. Ingibjörg Jenný er flutt og fer því úr stjórn sem varamaður, Kristína Hajniková var kosin í hennar stað. Samþykkt samhljóða.

4. Kosning fulltrúa í skólaráð. Bergný Ösp og Petra Kristín eru fulltrúar í skólaráði. Petra óskar eftir að hætta í skólaráði, Sveinn Sigurðsson kemur inn í hennar stað Beata Rutkowska er varamaður.

5. Kosning áheyrnarfulltrúa á fundi fjölskyldu, frístunda og menningarráðs

Harpa Elín er núverandi áheyrnarfulltrúi, hún býður sig fram aftur og er kosin samhljóða
Æsa er áfram varamaður.

6. Skoðunarmenn reikninga

Victoria og Elísabet Ásta halda áfram sem skoðunarmenn reikninga, samþykkt samhljóða.

7. Félagsgjöld

Hafa verið 1.500 kr. Samþykkt að halda því óbreyttu. Ákveðið að halda félagsgjöldum í lágmarki, frekar að fara í fjáraflanir ef stærri viðburðir liggja fyrir.

8. Önnur mál.

- Hugmynd að skipulagi að skipta viðburðum á milli bekkja, ákveðnir bekkir taka til eftir laufabrauð, og föndurkvöld, o.s.frv. Það kom upp hugmynd að bekkjarfulltrúar væru kosnir fyrir eina önn í senn, ef til vill væri þannig auðveldara að fá fólk til að taka þátt í bekkjarfulltrúastarfinu.
- Panta skólapeysur, fyrir nokkrum árum kom upp sú hugmynd meðal nemenda í Víkurskóla að panta skólapeysur, með logoi. Foreldrar eru áhugasamir að taka upp þann þráð aftur og stefnt að því að panta peysur í vetur. Umræða um þetta á fundinum og jafnframt rætt um ef einhverjir foreldrar væru með tengsl uppá að fá peysur á góðu veðri.
- Bílastæðamál við skólann, stjórn foreldrafélags lýsir yfir áhyggjum yfir mikilli umferð rétt við leiksvæði barnanna. Einnig finnst foreldrum að vanti fleiri gangbrautir við skólann. Stjórn foreldrafélags mun rita erindi þess efni og senda á fjölskyldu frístunda og menningarráð
- Minnt á fyrirlestur skólaráðs og foreldrafélags 12. október
- Kynning á skólareglum Víkurskóla. Kom upp fyrirspurn hvort ekki vantaði að notkun snjalltækja í skólanum væri óheimil.
- Kom upp sú hugmynd að leiksvæði grunnskólan væri tekið í gegn, tartanið er m.a. orðið lélegt og hættulegt.

- Upp kom umræða um hádegismatinn í skólanum, ekki ánægja með fæðuval til barnanna. Of mikill unninn matur og matseðill stenst ekki alltaf. Rætt um að setja á þrýsting að bæta úr þessu svo tekið sé tillit til næringarmarkmiða landlæknisembættis.

Fundi slitið kl. 19:15

Ásta Alda Árnadóttir

Kolbrún Magga Matthíasdóttir

Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir

Harpa Elín Haraldsdóttir

Sólveig Sigríður Gunnarsdóttir